

16. Stjórnarfundur Bergrisans

5. maí 2020

Fundur hófst klukkan 13:00 og er fjarfundur í gegnum Microsoft Teams

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans, Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri, Sigríður Elín Leifsdóttir fulltrúi Árborgar í þjónusturáði Bergrisans og Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögmaður. Einnig mættu forstöðumenn þjónustuvæða þær Ragnheiður Hergeirsdóttir og Svava Davíðsdóttir. Gestir fundar eru Haraldur L. Haraldsson og Arnar Haraldsson.

Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Kynning á skýrslu/úttekt um Skaftholt

Arnar Haraldsson kynnir niðurstöður úttektar, sem hann hefur unnið að með Haraldi L. Haraldssyni um skipulag og rekstur Skaftholts, ásamt tillögum að úrbótum. Stjórn Bergrisans þakkar góða yfirferð. Skýrslan verður í framhaldinu kynnt fyrir stjórnendum Skaftholts.

2. Stefna Kerlingadals gegn Bergrisanum bs.

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir kynnir stefnu Kerlingadals gegn Bergrisanum. Stefnan verður lögð fyrir Héraðsdóm Suðurlands 6. maí 2020 og fer Steinunn með málið fyrir hönd Bergrisans.

3. Erindi frá Láru V. Júlíusdóttur lögmanns f.h. Breiðabólsstaðar

Fyrirspurn frá Láru V. Júlíusdóttur varðandi forsendur og ástæður úttektar Bergrisansá skipulagi og rekstri Breiðabólsstaðar. Steinunni Erlu lögmanni falið að svara erindinu fyrir hönd Bergrisans bs.

4. Búsetukjarni á Selfossi.

Formaður kynnir svör Bergrisans vegna erindis Þroskahjálpar Suðurlands dags. 2. mars 2020. Stjórn Bergrisans samþykkir að undirrita viljayfirlýsingu um gerð samkomulags í samræmi við ályktun stjórnar frá 17. febrúar sl. Formanni Bergrisans falið að ljúka málinu.

5. Starfsemi eininga/stofnana eftir tilslakanir stjórnvalda vegna Covid

Sigríður Elín Leifsdóttir fulltrúi Árborgar í þjónusturáði Bergrisans og forstöðumenn þjónustusvæða fara yfir stöðuna frá 4. maí. Fundargerð þjónusturáðs kynnt.

6. Verklag um fundi Bergrisans

Verkefnastjóri kynnir tillögu að gæðaskjali um fundarsköp Bergrisans. Formanni og verkefnastjóra falið að uppfæra skjalið í samræmi við umræður fundarins.

7. Tillaga fagraðs um verkefni verkefnastjóra rædd

Fulltrúi Árborgar í þjónusturáði fer yfir tillögur fagteymis að verkefnum verkefnastjóra Bergrisans bs. Stjórn Bergrisans þakkar fagteymi fyrir tillögunum. Formanni og verkefnastjóra falið að útbúa tillögu að starfslýsingu og leggja fyrir stjórn Bergrisans.

8. Vinnumarkaðsúrræði fatlaðs fólks

Stjórn Bergrisans tekur undir áhyggjur þjónusturáðs varðandi stöðu fatlaðs fólks á vinnumarkaði í ljósi mikils atvinnuleysis. Stjórn Bergrisans felur verkefnastjóra að kalla eftir upplýsingum um hvaða úrræði munu standa þessum hópi til boða í sumar.

Næsti fundur áætlaður 3. júní 2020 kl. 13:00.

Fundi slitið kl. 16:30